

Kirkjuþing 2020-2021.

10. mál-þskj. 10.

T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Lagt er til að Hvanneyrar- og Reykholtsprestakall, Vesturlandsprófastsdæmi, sameinast í eitt nýtt prestakall, Reykholtsprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Biskupafundur ákvað á fundi sínum 10. ágúst sl. að leggja til við kirkjuþing að Hvanneyrar- og Reykholtsprestakall, Vesturlandsprófastsdæmi, sameinist í eitt nýtt prestakall, Reykholtsprestakall. Í hinu nýja Hvanneyrar- og Reykholtsprestakalli muni þjóna sóknarprestur.

Í vísitاسíu biskups í Hvanneyrarprestakalli í febrúar 2020 kynnti biskup þau áform að sóknarprestsstarfið á Hvanneyri yrði ekki auglýst laust til umsóknar þegar sóknarpresturinn léti af störfum enda hefði verið horft til þess þegar bætt var við þriðja presti á Akranesi.

Á árinu 2018 var tillaga að sameiningu prestakalla í Vesturlandsprófastdæmi fyrst kynnt en þá sendi biskupafundur sóknarnefndum og sóknarprestum í Borgar-, Hvanneyrar-, Reykholt- og Stafholtsprestaköllum, Vesturlandsprófastsdæmi svo og héraðsnefnd prófastsdæmisins beiðni um umsagnir vegna fyrirhugaðra sameininga prestakalla í prófastsdæminu.

Umsagnir hafa á þessu ári borist frá aðalsafnaðarfundi Reykholtssóknar, aðalsafnaðarfundi Hvanneyrarsóknar, sóknarnefnd Lundarsókn og sóknarnefnd Bæjarkirkju, og þar hefur ýmist verið bókaðar stuðningsyfirlýsingar eða að bókað að fólk sé ekki mótfallið sameiningu.

Gert er ráð fyrir að afgangið tillöguna á framhaldskirkjuþingi 2021.